

Fundargerð háskólaráðs
315. fundur daginn 27. apríl 2012
stofu 262, Borgum

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.25.

Mættir voru auk hans:

Hermann Óskarsson varafulltrúi háskólasamfélagsins
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs
Hafdís Erna Arnardóttir varafulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Gestir:

Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir sérfræðingur, frá dómnefnd HA
Fjóla Björk Jónsdóttir aðjúnt, úr jafnréttisráði HA

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 314. fundar, mál til kynningar

1201007

Fundargerð var borin upp og samþykkt.

- Rannsóknamissari við HA, rektor greindi frá að hann hefur unnið að málinu í anda bókunar á síðasta háskólaráðsfundi. Auglýst verður eftir umsóknum um rannsóknamissari haust 2013 – vor 2014 og umsóknarfrestur verður til 15. sept.
- Endurskoðaðar reglur um framgang við HA taka væntanlega gildi í haust og munu gilda samræmdar framgangsreglur fyrir opinberu háskólana.
- Framkvæmdastjórn hefur ákveðið að halda stjórnendanámskeið og annað fyrir almenna starfsmenn í haust.
- Rektor mun hitta umsækjendur um stöðu forseta viðskipta- og raunvísindasviðs og gera þeim grein fyrir rekstrarstöðu sviðsins.

2. Rekstraryfirlit janúar-mars

"[málsnúmer]"

Rektor gerði grein fyrir yfirlitinu og helstu frávikum frá áætlun. Rekstrarstaða skólans í heild er 22,77% af áætlun en viðmiðið er 25,00%. Varðandi stöðu viðskipta- og raunvísindasviðs sem er umfram áætlun, skýringar á því verða fundnar og greint frá þeim á næsta fundi.

3. Dómnefndarálit, Guðmundur Kr. Óskarsson

1203012

Guðríður Gyða kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna. Hún gerði grein fyrir dómnefndaráliti um hæfi Guðmundar til að hljóta framgang lektor-dósent. Niðurstaða dómnefndar er að Guðmundur er hæfur til að hljóta framgang sem dósent við Háskólann á Akureyri.


K. A. Hei
HE.

4. Dómnefndarálit, Páll Björnsson

1202058

Guðríður Gyða gerði grein fyrir dómnefndarálitinu. Dómnefnd metur Pál hæfan til að hljóta framgang dósent-prófessor við Háskólann á Akureyri. Rektor þakkaði Guðríði Gyðu fyrir og fór hún af fundinum.

Nokkur umræða varð um þátt hvers höfundar í fjölhöfunda greinum og mikilvægi hvers og eins í viðkomandi rannsóknarverkefni. Niðurstaðan var að það sé dómnefndar að meta vægi viðkomandi höfundar. Háskólaráð staðfesti bæði dómnefndarálitin einróma.

5. Umhverfisstefna HA, drög til umsagnar

"[málsnúmer]"

Guðmundur Kr. Óskarsson kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn. Hann kynnti drög að umhverfisstefnu HA og svaraði nokkrum fyrirspurnum. Drög að umhverfisstefnu ná til Sólborgarsvæðisins, ekki Borga. Sagði hann það vera markmið umhverfisráðs HA að taka upp Grænfánann og taldi líkur á að það yrði skólaárið 2012-2013. Markmið umhverfisráðs er einnig að vinna eftir Staðardagskrá 21, og að efla almenna jákvæðni í háskólanum gagnvart umhverfismálum. Fundarmenn lýstu ánægju með að umhverfisstefna skuli vera í smíðum. Nokkrar ábendingar komu fram:

- Æskilegt er að fram komi á hvers vegum stefnan er unnin (umhverfisráðs?)
- Fram komi í stefnunni nánari útlisting á hvað Grænfáninn er
- Hver á að bera ábyrgð á eftirfylgni með stefnunni, fræðslu og framkvæmdum
- Hver verður ca. kostnaður við framfylgd stefnunnar á ári
- Umhverfisstefnan þarf að ná til efnatöknar svo sem við þríf
- Umhverfisstefna þarf að samræmast heildarstefnumótun HA.

Rektor mun óska eftir að fulltrúar í háskólaráði sendi honum athugasemdir/ábendingar um umhverfisstefnuna fyrir næsta fund. Rektor þakkaði Guðmundi fyrir og fór hann af fundinum.

6. Samgöngustefna HA til samþykktar

1203054

Rektor lagði fram samgöngustefnu til samþykktar. Háskólaráð kom með ábendingu um viðbót: að fram komi að stefnan er unnin á vegum umhverfisráðs. Einnig: að fram komi að stefnan verði í árlegri endurskoðun.

Háskólaráð taldi mikilvægt að fá FSHA til að kynna og framfylgja samgöngustefnu HA meðal sinna félagsmanna. Háskólaráð samþykkti samgöngustefnu HA einróma.

7. Stefnumótun um jafnt aðgengi að námi og störfum, til samþykktar

"[málsnúmer]"

Fjóla Björk kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna. Gerði hún grein fyrir vinnu við undirbúning stefnumótunarinnar 2011-2012, hverjir komu að þeirri vinnu, og helstu breytingum frá fyrri stefnu. Málið er nú orðið á könnu jafnréttisráðs og málefni leshamlaðra eru nú orðin hluti af því, en voru áður

SAR Hórn
K. A.
H.

sérstakt málefni. Vísaði Fjóla Björk til alþjóðlegra samþykka um réttindi fatlaðs fólks sem stefnumótunin styðst við.

Fjóla Björk fór yfir stefnumótunina og svaraði nokkrum spurningum. Rektor þakkaði henni fyrir og fór hún af fundinum.

Háskólaráð samþykkti stefnumótun um jafnt aðgengi að námi og störfum einróma.

8. Samningur HA og mennta- og menningarmálaráðuneytis, staða mála 1203003

Rektor sagði frá vinnslu málsins en stefnt er að því að ljúka samningnum og viðauka í maí og skrifa undir í júní. Fulltrúar í háskólaráði munu fá send út drög fyrir næsta fund.


9. Önnur mál

Maífundur háskólaráðs færirst til 24. maí (ekki 25. maí) kl. 10-12.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.00.



Kristín Ástgeirsdóttir



Hatdís Erna Ásbjarnardóttir